

**Athugasemdir Embættis landlæknis** við frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjald á matvælum (þingskjal 611, 473. Mál).

Embætti landlæknis gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjald á matvælum (þingskjal 611, 473. Mál)

Skipaður var starfshópur á vegum fjármálaráðuneytis sem ætlað var að gera tillögur um „hækkun vörugjalda á þau matvæli þar sem neyslustig samræmist ekki mannelldissjónarmiðum“. Samkvæmt frumvarpinu verður ekki séð að það markmið muni nást á grunni fyrirbyggjandi tillagna. Samkvæmt frumvarpinu hækka vörugjöld á sykri úr 60 í 210 kr./kg og taka vörugjöld af öðrum vörum mið af hlutfalli viðbættis sykurs og sætuefna í viðkomandi vöru. Þetta leiðir til þess að afnumið verður vörugjald af kolsýrðu vatni og hreinum ávaxtasafa og er það mjög jákvætt skref í rétta átt. Hins vegar mun vörugjald á gosdrykki einungis hækka lítillaga, eða um 5 krónur á lítra eða 2,5 krónur á hálfan lítra, en vörugjald á súkkulaði kemur til með að **lækka** um 16 krónur á kíló, einnig á ýmsu öðru sælgæti og kexi. Þessar breytingar munu því ekki hafa mikil áhrif til að draga úr neyslu á gosdrykkjum en gæti **aukið neyslu á sælgæti**. Þetta eru þær vörutegundir sem vega hvað þyngst í sykurneyslu landsmanna eða um 56% af sykurneyslu fullorðinna samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði 2010-11 og enn hærra hjá unglingum.

Ekki er hægt að segja að sú leið sem valin hefur verið taki nægjanlega mið af mannelldissjónarmiðum og mun því ekki hafa mikil áhrif til bættrar lýðheilsu. Hækka þyrfti vörugjöld á sykri talsvert meira en nú er gert til þess að það skili hækkun sem einhverju nemur á þessum vörum sem vega þyngst í sykurneyslu landsmanna.

Embætti landlæknis hefur bent á að **bein hækkun vörugjalda á gosdrykki og sælgæti** væri árangursríkari leið til að draga úr sykurneyslu landsmanna. Önnur leið sem væri hægt að fara er að færa gosdrykki og sælgæti á milli virðisaukaskattsflokka þannig að þessar vörur væru skattlagðar í samræmi við almenna skattheimtu í landinu. Þetta eru þær vörutegundir sem lækkuðu hvað mest í verði í mars 2007 þegar virðisaukaskattur á þeim lækkaði úr 24,5% í 7% og vörugjöld voru felld niður af gosdrykkjum. Í september 2009 voru síðan lögð vörugjöld á gosdrykki og ýmsar aðrar vörur, sumar sykraðar en aðrar ekki. Sú aðgerð var því almenns eðlis frekar en að heilsusjónarmið lægju til grundvallar og því ekki líkleg til að hafa áhrif til bættrar lýðheilsu.

Embætti landlæknis styður aðgerðir sem hvetja til heilbrigðari lifnaðarháttanna landsmanna, þar með talið aðgerðir sem auðvelda aðgengi að hollustu og takmarka aðgengi á óhollustu. Í grein sem birtist í *New England Journal of Medicine*<sup>1</sup> árið 2009 er sýnt fram á að verðstýring með sköttum eða vörugjöldum á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík leið til að minnka neyslu á þeirri vöru. Slík verðhækkun getur haft áhrif þar sem þörfin er brýnust, þ.e. hjá börnum og

---

<sup>1</sup> Brownell KD and Frieden TR, M.D. Ounces of Prevention — The Public Policy Case for Taxes on Sugared Beverages. *N Engl J Med* 10.1056/nejmp0902392. [New England Journal of Medicine](#)

ungmönnum og öðrum þeim sem drekka mest af gosdrykkjum. Í grein sem birtist í *Lancet* 2011<sup>2</sup> þar sem verið var að meta kostnaðarábata valdra íhlutana til að sporna gegn offitu í Ástralíu voru skattar á óholla mat- og drykkjarvöru efst á blaði, bæði til að bæta heilsu og til að draga úr útgjöldum.

Til þess að álögur á óhollustu virki sem forvarnargerð til að draga úr óheilbrigðum neysluvenjum þarf hækkunin að vera áþreifanleg. Koma má í veg fyrir að skattahækkunin skili sér út í almennt verðlag með því að lækka álögur á hollum matvælum eins og t.d. ávöxtum, grænmeti og fiski. Einnig hefur verið bent á að nýta ætti hluta af tekjum af álagningu á óhollustu til að standa straum af kostnaði við aðgerðir sem auðvelda landsmönnum að velja heilbrigða lífnaðarhætti, t.d. á sviði næringar, hreyfingar og tannverndar.

F.h. Embætti landlæknis

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðstjóri áhrifaþátta heilbrigðis

Elva Gísladóttir, næringarfræðingur

Hólmfríður Þorgeirsdóttir, næringarfræðingur

---

<sup>2</sup> Gortmaker SL, Swinburn BA, Levy D, Carter R, Mabry PL, Finegood DT, Huang T, Marsh T, Moodie ML. Changing the future of obesity: science, policy, and action. *Lancet* 2011; 378: 838–47.

## Bókun Embættis landlæknis 28. september 2012 við tillögum um breytingu á álagningu vörugjalda

Embætti landlæknis styður aðgerðir sem hvetja til heilbrigðari lifnaðarháttá. Embættið fagnar því að til stendur að afnema vörugjald af vatni, hreinum ávaxtasafa og fleiri vörum sem ekki innihalda sykur eins og t.d. hrísmjólk og sojamjólk enda slíkar vörur oft nýttar af þeim sem eru með ofnæmi eða óþol.

Samkvæmt tillögu 2 stendur til að hækka vörugjöld á þeim vöruflokkum sem innihalda viðbættan sykur eða sætuefni ef um gosdrykki er að ræða. Samkvæmt núverandi tillögu eiga vörugjöldin að taka mið af hlutfalli sykurs/viðbættis sykurs í viðkomandi vöru. Ef þessi leið er farin þá þarf að hækka vörugjald á sykri umtalsvert til þess að það skili hækkun sem einhverju nemur á gosdrykkjum og sælgæti og hafi þannig hugsanlega áhrif til bættrar lýðheilsu. Embætti landlæknis telur mun árangursríkari leið að hækka vörugjöld á gosdrykkjum og sælgæti (og sykri) beint en ekki í gegnum sykurrinn. Það er í samræmi við þær tillögur sem embættið lagði fram í upphafi vinnunar. Rannsóknir sýna að viðbættur sykur hjá ungu fólki, sem neytir mest af honum, kemur að stórum hluta úr gosdrykkjum og sælgæti.

Ef ákveðið verður að fara þá leið að taka mið af hlutfalli sykurs/viðbættis sykurs í viðkomandi vöru þá verður vörugjald á sykri að hækka þannig að til verulegrar hækkunar komi á gosdrykkjum og sælgæti og þeim sykurvörum sem bera vörugjald í dag en ekki að þær lækki í verði eins og gæti gerst. Enn fremur er mikilvægt að tryggja, ef þessi leið er farin, að vörugjöld á sykri verði á allan sykur, þ.m.t. viðbættan ávaxtasýkur, alls kyns síróp (þ.m.t. agavesíróp), hrásykur ofl. Sömuleiðis verður að tryggja að vörur með sætuefni hækki um sömu krónutölu og sambærilegar vörur með viðbættum sykri þar sem ekki er frekar mælt með neyslu á slíkum vörum.

Hér á eftir koma nokkur reikningsdæmi sem sýna hvaða áhrif mismunandi vörugjöld á sykri hafa á vörugjöld á gosdrykkjum og sælgæti:

Dæmi 1: Ef vörugjald á sykri yrði hækkað úr 60 kr í 200 kr. myndu vörugjöld á gosdrykkjum einungis hækka um 4 kr per lítra, þ.e. úr 16 kr/l í 20 kr/l, ½ líters flaska myndi einungis hækka um 2 kr. Vörugjöld á súkkulaði myndu hins vegar **lækka** úr 100 kr/kg í 80 kr/kg. Mjólkurvörur og morgunverðarkorn myndu hækka í verði, hvort heldur sem þær uppfylla skilyrði til að bera norræna hollustumerkið Skráargatið eða ekki, þar sem tillaga er um að setja vörugjöld á þessa flokka. Embætti landlæknis getur ekki stutt tillögur sem leiða til þess að gosdrykkir hækki einungis lítillga, sælgæti lækki en vörugjöld leggist á vörur sem uppfylla skilyrði til að bera norræna hollustumerkið Skráargatið.

Dæmi 2: Ef vörugjöld á sykri yrði t.d. 250 kr. myndu vörugjöld á gosdrykkjum hækka úr 16 kr/l í 25 kr/l en vörugjald á súkkulaði myndi standa í stað, 100 kr/kg.

Dæmi 3: Ef vörugjöld á sykri yrði t.d. 300 kr. myndu vörugjöld á gosdrykkjum hækka úr 16 kr/l í 30 kr/l, ½ líters umbúðir myndu hækka um 7 kr. en vörugjald á súkkulaði myndi hækka úr 100 kr/kg í 120 kr/kg.

Ofangreind dæmi sína að kg verð á sykri þarf að hækka mjög mikið til að ná fram einhverri hækkun á þeim vörum sem vega þyngst í sykurneyslu landsmanna.

Ein leið til að mæta þessu væri að færa gosdrykki og sælgæti milli virðisaukaskattsflokka, þannig að það verði skattlagt í samræmi við almenna skattheimtu í landinu. Þetta eru þær vörutegundir sem lækkuðu hvað mest í verði í mars 2007 þegar virðisaukaskattur á þeim lækkaði úr 24,5% í 7% og vörugjöld voru felld niður.

Að lokum skal á það bent að útgangspunkturinn ætti að vera sá að hækkun skatta á óhollustu nýtist almenningi a.m.k. að hluta til í formi skattalækkunar á hollari vöru. Einnig að nýta skuli hluta af tekjum af álagningu á óhollustu til að standa straum af kostnaði við aðgerðir sem auðvelda landsmönnum að velja heilbrigða lifnaðarhætti, t.d. á sviði næringar, hreyfingar og tannverndar.

Hólmfríður Þorgeirsdóttir

næringarfræðingur hjá Embætti landlæknis.